

blað íslendinga í kaupmannahöfn

22. . 82.

reikningar.

pórhildur

ÞÓRHILDUR

Blað Íslendinga í Kaupmannahöfn

1. tölublað 1. árgangur, janúar 1983

Útgefandi: Íslendinafélagið í Kaupmannahöfn og
Félag íslenskra námsmanna í Kaupmannahöfn

Ritstjórn: Frá Íslendingafélaginu: Eiríkur Valsson,
ritstjóri og ábyrgðarmaður, Erlendur
Hjaltason, Óttar Ottósson, Daney Arnarsd.
Ársæll Harðarson.
Frá FÍNK: (í þessu blaði) Sverrir Sverriss.
Gylfi Arnbjörnsson

Vélritun: Ritstjórn og Katrín Gunnarsdóttir

Ljósmyndir: Ýmsir

Teikningar: Jakob E. Líndal

Prentun: Krím-tryk Aps, Islands Brygge, Kbh.

Upplag: 1200 eintök

Heimilisfang: Øster Voldgade 12, 1350 København K

Gíroreikn.: 1 56 33 00

Eftirprentun óheimil nema með sérstöku leyfi.

Ritstjórn vill færa Guðrúnu Eiríksdóttur sérstakar
þakkir fyrir góðan viðurgjörning á meðan vinnslu blaðs-
ins stóð.

Léttar, liprar, öðýrar



OMIC 112 D

512 D. Stórt og greinilegt
takkaborð. 12 stafir, inn og út.
4ra takka minni. Vinnsluteljari.
Strimill og ljósaborð. Svart/rautt
litaband.

112 D. Strimill og ljósaborð.
Lítill, handhæg. 4ra takka minni.
Sjálfvirk prósentu. Vinnsluteljari.
12 stafir, inn og út.




OMIC 512 D

OTTO A. MICHELSEN
SKRIFSTOFUVÉLAR H.F.
Hverfisgötu 33
Sími 20560

Jótland

Beinar ferðir frá HORSENS á tveggja vikna fresti



Nánari upplýsingar hjá:

**Aðalumboðsmenn
í Danmörku:**

DFDS A/S
Sankt Annæ Plads 30
DK-1295 KØBENHAVN K.
Sími: (01) 156300
Telex: 19435

**Umboðs- og vörumóttöku-
aðilar í Horsens:**


Wilh. Chr. Bech Spedition
Havnen 43
8700 HORSENS
Sími: (05) 625444
Telex: 61618

HORSENS - nýr valkostur sem gæti opnað þér nýja möguleika


Hafðu samband

EIMSKIP

Sími 27100



TIL LESENDNA



Eins og áður hefur fram komið í bréfum félaganna stendur nú yfir söfnun á gömlum ljósmyndum úr starfi Íslendinga-félagsins. Það er ætlun okkar að halda sýningu á þeim myndum sem fást seinni part vetrar eða í vor.

Enn sem komið er hafa ekki nógu margir grafið djúpt í hirslum sínum til að hægt sé að tala um að við séum komin með efni í heila sýningu. Við viljum taka það fram að allt hefur áhuga okkar og má þar nefna að félagið hefur fengið gamlar blaðaúrklippur sem eru stórskemmtilegar og fróðlegar.

Nú biðjum við þig enn einu sinni að grafa í hirslunum. Einnig máttu senda okkur línu ef þú

Það hefur lengi og mikið verið rætt um að gefa út íslenskt blað í Kaupmannahöfn. Einhver ykkar muna sjálfsagt eftir Hafnarpósti, þó hann hafi orðið skammlífur. Með útgáfu ÞÓRHILDAR skal reynt á nýjan leik að halda úti blaði.

Útgefendur ÞÓRHILDAR eru Íslendingafélagið og Félag íslenskra námsmanna, bæði í Kaupmannahöfn. Jafnframt því að vera blað Íslendinga leysir ÞÓRHILDUR af hólmi fréttabréf félaganna og mun því koma út u.þ.b. 10 sinnum ár ári.

Auk dagskrár félaganna verða á síðum blaðsins fréttir, greinar og annað er snertir Ísland og Íslendinga - og þá sér í lagi Íslendinga í Danmörku. Hvað varðar efni bókmenntalegs eðlis er ritstjórn ekki til stórræðanna, en við vitum að meðal Hafnaríslendinga eru margir aflögufærir á því sviði.

Bjartsýn ritstjórn óskar lesendum ÞÓRHILDAR gæfu og gengis á nýbyrjuðu ári og heitir á alla að styðja blaðið af fremsta megni.

eva

Ljósmyndasöfnun



veist um einhverja gamla féлага sem kunna að luma á einhverju bitastæðu. Við myndum þá senda þeim bréf þar sem við fáum þá til að leita.

Að sjálfsögðu greiðir Íslendingafélagið allan kostnað sem af framköllun og eftirprentun mynda hlýst.

Erl.

Herdís hannar



Það er ekki á hverjum degi sem Íslendingar á Kaupmannahafnarsvæðinu vinna til verðlauna í stórum samkeppnum. Þó gerðist það í október s.l. að Herdís Júlía Einarsdóttir húsgagnaarkitekt vann til 1. verðlauna í iðnhönnunarsemkeppni sem Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis gekkst fyrir. Alls bárust 68 tillögur og fengu þrjár verðlaun en 13 öðrum voru veitt sérstök viðurkenning.

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis (SPRON) hélt þessa samkeppni í tilefni 50 ára afmælis síns, en sparisjóðurinn var stofnaður að frumkvæði Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur.

Herdís Júlía Einars-

dóttir lauk námi á Möbelarkitekt-línu við Skolen for Brugskunst s.l. vor. Framlag hennar til samkeppninnar var stóll sem er hannaður með notkun á barnaheimilum í huga, og þá bæði fyrir börnin og fóstrurnar. Börnin geta farið að nota stólinn u.þ.b. 2ja til 3ja ára, og hann er kjörinn fyrir fólk sem þurfa að vinna við lág borð, eins og t.d. þegar fóstrur aðstoða börn við föndur. Einnig geta börnin notað hann sem leiktæki, klifrað upp á hann og skriðið undir.

ÞÓRHILDUR sló á þráðinn til Herdísar, en hún býr í Tureby, sem er lítill bær fyrir sunnan Køge, til að forvitnast um hvað hún hefur tekið sér fyrir

hendur síðan þessu verkefni lauk. Hún sagði, að hún og danskur starfsbróðir hennar væru að koma sér upp teiknistofu á heimili hennar. Þau hafa nú þegar fengið nokkur verkefni og er von á fleirum. M.a. eru þau að útfæra aðra gerð barna-húsgagna fyrir danska aðila og einnig hafa þau fengið verkefni frá Íslandi. Stóllinn sem Herdís fékk verðlaun fyrir fer sennilega í framleiðslu á Fjöni innan tíðar, þannig að hún sagðist vera bjartsýn á að geta bráðlega haft einhverjar tekjur af starfinu, þó að mikið atvinnuleysi ríki meðal starfsbræðra hennar.

Erl.

Þættir úr sögu Stúdenta-/Námsmannafélagsins

Félag það sem nú heitir Félag íslenskra námsmanna í Kaupmannahöfn er nírætt um þessar mundir. Það eru ekki mörg samtök íslenskra námsmanna eða Íslendinga erlendis sem geta státað af svo löngum starfsferli. Með hliðsjón af þeirri staðreynd, að íslenskir stúdentar hafa sótt Hafnarháskóla heim um aldaraðir, mætti þó velta því fyrir sér hvers vegna samtök þeirra í Kaupmannahöfn séu ekki eldri.

Frá því á 17. öld hafa íslenskir stúdentar í Höfn haldið samkomur reglulega. Til að byrja með hafa þetta sennilega eingöngu verið skemmtifundir og ekkert félag varð til fyrr en um miðja 18. öld. Frá þeim tíma og fram úr hafa svo starfað ótal félög og samtök íslenskra stúdenta og/eða annarra Íslendinga. Oft á tíðum gáfu félögin út tímarit þar sem oftast var tekist á við almenna uppfærðslu, bókmenntir og

stjórnmal.

Eftir að Íslendingar fengu stjórnarskrána 1874 fór þungamiðja íslenskra menningar- og stjórnmála að færast frá Danmörku og til Íslands. Þar með hvarf að miklu leyti sá grunnur er samtök Hafnaríslendinga höfðu byggt á. Um 1880 var stofnað Íslendingafélag í Kaupmannahöfn. Stjórnmálaágreiningur varð þess þó valdandi að félagið var meira eða minna klofið fyrstu árin og því lítt starfshæft. Stóð svo þar til samþykkt var að stjórnmál skyldu ekki rædd innan vébanda félagsins.

Hér er ef til vill að leita skýringar á tilurð Stúdentafélagsins. Stúdentar - þá sem nú - höfðu vakandi auga með því sem gerðist í íslenskum stjórnmálum og nú vantaði þá vettvang þar sem ræða mætti slík mál.

Því gerðist það að í desember 1892 sendu 14 íslenskir stúdentar út



Frá 60 ára afmælishátíð Stúdentafélagsins 29.1.1953 í húsi Handels- og Kontoristforeningen við Biskupatorg. Dagskráin var á þessa leið: Ávarp Guðmundar Magnússonar formanns, einleikur Soffíu Guðmundsdóttur á píanó, ræða Bjarna Einarssonar lektors, Einar Kristjánsson söng við undirleik Axels Arnfjörð og að lokum voru frjáls ræðuhöld. Gestir voru um 90. (A.B.C.-Foto)

Heimildir mínar
- auk gagna Námsmannafélagsins - eru:
Heima og erlendis.
Í útlegð.
Íslenskir hafnarstúdentar.
eva

Þar var Þorsteinn Erlings-son magister bibendi. Skemmti hann með því að lesa upp nýleg kvæði sín, m.a. las hann upp úr "Eiðnum".

Meðal Íslendingafélagsmanna þeirra, sem minnst var á áður, voru þeir Jóhannes Jóhannesson (aðstoðarmaður í íslenska ráðuneytinu, síðar sýslumaður og loks bæjarfógeti í Reykjavík. Var einnig þingmaður um 30 ára skeið) og dr. Valtýr Guðmundsson (þá kennari á Christianshavn, síðar dósent, ritstjóri og þingmaður). Íslendingafélagsmenn virðast yfirleitt hafa gengið í Stúdentafélagið og fá ég ekki betur séð en að Íslendingafélagið lognist út af upp úr þessu.

Starf Stúdentafélagsins byggðist mikið á fundahöldum. Og það ku hafa verið líf á fundunum þeim. Enda varla nema von þar sem íslensk stjórn-mál og þar með sjálf-stæðismálið voru efst á baugi. Verið getur að aldrei hafi Hafnaríslend-

ingar deilt harðar og rætt meira en á þessum fyrstu áratugum Stúdentafélagsins, en hitt er víst að áhrif þeirra á skoðanamyndun og framvindu mála á Íslandi var langtum minni nú en fyrr.

Að fenginni Heima-stjórn dofnaði yfir félaginu, þó aldrei hafi starfið lagst niður. Nú voru það bara ekki Valtýingar og Heimastjórnarmenn eða Landvarnarmenn og Heima-stjórnarmenn heldur krat-ar og kommar sem rifust og sjálfsagt hafa einhverjir íhaldsmenn laumast með. Í heimsstyrjöldinni síðari lifnar svo heldur betur í glæðunum. Voru þá yfirleitt haldnir fundir hálfsmánaðarlega. Þar var reynt að bæta fyrir sambandsleysið við Ísland með upplestri, erindum ýmiss konar og söng - og auðvitað var allt rammíslenskt.

Eftir stríð hefur starf félagsins meira beinst að hagsmunabaráttu námsmanna, þó málfundir og erinda-flutningur hafi lengst af skipað veglegan sess

í dagskránni ásamt skemmtifundum (oft með Íslendingafélagi) og blaðakvöldum. Síðustu árin er ekki hægt að segja að hinir hefðbundnu dagskrárliðir hafi tröllriðið starfsemi félagsins. En það þarf meira en eina ÞÓRHILDI til umráða ef ræða á hverjar eru orsakir þessa og læt ég því málið kyrrt liggja.

Að sinni verður saga félagsins ekki rakin nánar. Í staðinn ætla ég að tína til örfá sundurlaus atriði - til skemmtunar og fróðleiks.

Það sem hér er ritað um Stúdentafélagið er unnið úr þeim gögnum félagsins, sem varðveitt eru á Bókasafni Íslendinga í Kaupmannahöfn. Bið ég félagið og félagsmenn - fyrrverandi jafnt sem núverandi - að afsaka það sem rangt er farið með eða ónákvæmlega. Væri mér mikil þökk í að fá leiðréttingar við eða ábendingar um slík atriði og ekki væri heldur amalegt að fá aukið við það sem hér kemur fram.


Þjalla, bikar og kútur

50 ára afmæli félagsins var haldið hátíðlegt hinn 22. janúar 1943.

Meðal gjafanna, sem félaginu bárust, voru tveir forlata silfurgríp-ir. Var annar þeirra fundarþjalla, gefin af „Det Islandske Gesendt-

skab" í Kaupmannahöfn.

Hinn var bikar frá Dansk-íslenzka félaginu. Var bikarinn sendur „núverandi formanni og öllum tilkomandi formönnum fé-



lagsins" í þeirri von „að þeir megi alltaf sitja embætti sín ættjörðu sinni til sóma og heilla.

Drekkið heilir.

Lifið heilir."

Er félagið varð sextugt barst því að gjöf frá Steingrími Jónssyni brennivínskútur einn góður. (Steingrímur var einn stofnenda félagsins.) Kútnum fylgdi gjafabréf á latínu, þar sem meðal annars sagði að karlar mættu einir neyta víns úr kútnum svo og konur þar er bæru barn undir brjósti. Skjalið er löngu týnt og tröllum gefið og ekki er vitað með vissu hvort konur einsamlar hafi fengið af kútnum.

Þessar þrjár gjafir gegndu lengi vel veigamiklu hlutverki í Stúdentafélaginu. Bjölluna

Barnavagn

Í gögnum félagsins má finna svohljóðandi skjal:

„Hér með ánafna ég undirritaður Stúdentafélaginu barnavagn minn, hver stendur í barnavagna-geymslu á Sirgræsvej 45, til afnota fyrir yngstu erfingja félagsmanna.

Gjört í Kastrup


18-2-1953

Pétur Guðmundsson"

Barnavagninn er næst nefndur í skýrslu formanns á næsta aðalfundi. Í þeirri skýrslu kemur einnig fram að á starfs-

notuðu formenn og staðgenglar þeirra við fundarstjórn, en bikarinn og kúturinn voru ævinlega notaðir við inntöku nýrra félaga. Hér áður fyrri fengu gengu menn eingöngu í félagið á fundum þess. Nú fara þeir bara í Jónshús og láta Guðrúnu skrá sig. En hverfum aftur til kútsins. Formanni bar skylda til að sjá um að alltaf væri brennivín á kútnum. Síðan var hluti af vígsluritúalinu að rússi og formaður fengu af kútnum (formaður í bikarinn) og skáluðu.

Hinn upprunalegi kútur er löngu fallinn í stafi og mun sá núverandi vera annar eða sá þriðji í röðinni. Steingrímur Pálsson (barnabarn gefandans) mun oftast hafa kostað viðgerð og endurnýjun kútsins.



árinu hafi verið haldnir 14 fundir, skemmtisamkomur og kvöldvökur auk blaðakvöldu o.fl. Félagar voru 108 og í sjóði voru krónur 1820. Þá kemur eignaupptalning og er hún þannig:

Styr um skjöld

17. júní 1945 kom Stúdentafélagið fyrir minningarskildi um Jón Sigurðsson á húsinu númer 12 við Öster Voldgade.

Skömmu síðar fékk þáverandi eigandi hússins hótunarbréf frá „Mange stærkt harmfulde Frihedskæmpere“. Í bréfinu segir m.a. að ekki sé viðunandi að íslenzks uppreisnarseggs og svikara sé minnst á þennan hátt. Heitið er á eigandann að fjarlægja skjöldinn hið snarasta, ella muni illa fara. Skjöldinn má enn finna á húsinu og ekki mun húseigandanum hafa orðið meint af.

„Eignir félagsins eru að mestu þar sömu og taldar eru í skýrslu formanns í fyrra. Þessar breytingar hafa orðið:

- Af íslenzkum söngvum hafa verið seld 3 eintök, þannig að óseld eintök eru nú 15.

Þetta hefur bætzt í búið:

2 stálþráðarspólur.

Handbolti, prik, smáboltar Myndabók frá Póllandi.

Kjöthnífur og brauðgerðartól.

Bréfamappa.

(Enginn mun hafa nýtt barnavagn félagsins, svo mér þykir ósennilegt að hann sé vís lengur.)"

lagsins" í þeirri von „að þeir megi alltaf sitja embætti sín ættjörðu sinni til sóma og heilla.

Drekkið heilir!

Lifið heilir!"

Er félagið varð sextugt barst því að gjöf frá Steingrími Jónssyni brennivínskútur einn góður. (Steingrímur var einn stofnenda félagsins.) Kútnum fylgdi gjafabréf á latínu, þar sem meðal annars sagði að karlar mættu einir neyta víns úr kútnum svo og konur þær er bæru barn undir brjósti. Skjalið er löngu týnt og tröllum gefið og ekki er vitað með vissu hvort konur einsamlar hafi fengið af kútnum.

Þessar þrjár gjafir gegndu lengi vel veigamiklu hlutverki í Stúdentafélaginu. Bjölluna

Barnavagn

Í gögnum félagsins má finna svohljóðandi skjal:

„Hér með ánafna ég undirritaður Stúdentafélaginu barnavagn minn, hver stendur í barnavagnageymslu á Sirgræsvej 45, til afnota fyrir yngstu erfingja félagsmanna.

Gjört í Kastrup


18-2-1953

Pétur Guðmundsson"

Barnavagninn er næst nefndur í skýrslu formanns á næsta aðalfundi. Í þeirri skýrslu kemur einnig fram að á starfs-

notuðu formenn og staðgenglar þeirra við fundarstjórn, en bikarinn og kúturinn voru ævinlega notaðir við inntöku nýrra félaga. Hér áður fyrri fengu gengu menn eingöngu í félagið á fundum þess. Nú fara þeir bara í Jónshús og láta Guðrúnu skrá sig. En hverfum aftur til kútsins. Formanni bar skylda til að sjá um að alltaf væri brennivín á kútnum. Síðan var hluti af vígsluritúalinu að rússi og formaður fengu af kútnum (formaður í bikarinn) og skáluðu.

Hinn upprunalegi kútur er löngu fallinn í stafi og mun sá núverandi vera annar eða sá þriðji í röðinni. Steingrímur Pálsson (barnabarn gefandans) mun oftast hafa kostað viðgerð og endurnýjun kútsins.



árinu hafi verið haldnir 14 fundir, skemmtisamkomur og kvöldvökur auk blaðakvöldu o.fl. Félagar voru 108 og í sjóði voru krónur 1820. Þá kemur eignaupptalning og er hún þannig:

Styr um skjöld

17. júní 1945 kom Stúdentafélagið fyrir minningarskildi um Jón Sigurðsson á húsinu númer 12 við Öster Voldgade.

Skömmu síðar fékk þáverandi eigandi hússins hótunarbréf frá „Mange stærkt harmfulde Frihedskæmpere“. Í bréfinu segir m.a. að ekki sé viðunandi að íslenzks uppreisnarseggs og svikara sé minnst á þennan hátt. Heitið er á eigandann að fjarlægja skjöldinn hið snarasta, ella muni illa fara. Skjöldinn má enn finna á húsinu og ekki mun húseigandanum hafa orðið meint af.

„Eignir félagsins eru að mestu þær sömu og taldar eru í skýrslu formanns í fyrra. Þessar breytingar hafa orðið:

- Af íslenzkum söngvum hafa verið seld 3 eintök, þannig að óseld eintök eru nú 15.

Þetta hefur bætzt í búið:

2 stálþráðarspólur.

Handbolti, prik, smáboltar Myndabók frá Póllandi.

Kjöthnífur og brauðgerðartól.

Bréfamappa.

(Enginn mun hafa nýtt barnavagn félagsins, svo mér þykir ósennilegt að hann sé vís lengur.)"

Stjórnsmál - eða Ísland úr NATO og herinn á brott

Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og samningarnir um bandaríska herstöð á Íslandi hafa löngum upptekið huga íslenskra stúdenta. Óteljandi samþykktir hér um hafa verið gerðar og kemur hér ein þeirra:

„Fundur haldinn í F.Í.S.K 15.3.1958 ítrekar fyrri mótmæli félagsins gegn erlendra hersetu á Íslandi og varar við þeim hættum sem sjálfstæði Íslendinga og tilveru er búin af völdum hennar.“

Síðan koma frekari rök til stuðnings ályktuninni, sem var samþykkt með 24 atkvæðum gegn 1.

Stjórnsmál voru það líka þegar Morgunblaðið birti frétt af stjórnarkosningum í Stúdentafélaginu 1953. Glöddust þeir Moggamenn yfir sigri „lista lýðræðisinnna“ í kosningunum. Þótti fréttin heldur spaugileg. Annars vegar var ekki um listakosningu að ræða í Stúdentafélaginu, heldur var kosið sérstaklega í hvert embætti. Hins vegar leyfðu margir sér að brosa í kampinn þegar Morgunblaðið lýsti ánægju sinni með kjör „lýðræðisinnanna“ Stefáns Karlssonar, Ólafs Halldórssonar og Eypórs Einarssonar.

Fundur á Jövu

Java var kaffihús við ofanvert Strikið, nærri Ráðhústorginu. Komu Íslendingar þar mikið, margir þeirra á hverju einasta kvöldi, og svelgdu í sig kaffi. Lægi vel á mönnum var skroppið niður fyrir Strikið til „kóngsins af Íslandi“ og drukkinn einn „kúltúrbjör“.



Færi svo að kúltúrin bæri menn ofurliði var „Nellan“ næsti áfangastaður. Í lastaborginni Kaupmannahöfn mátti síðan halda kúltúrnum áfram fram á morgun - og hét það „að fara hringinn“.

Á hvíttri munnþurrku í safni félagsins má finna eftirfarandi:

„Undirritaðir hafnarstúdentar, samankomnir á „Java“ að kvöldi mánudags 18.10.54 samþykktu samhljóða að mikla nauðsyn bæri til að „Félag íslenskra stúdenta“ fagni vetri.

Gunnar M. Steinsen
Kári Eysteinnsson
Ragnar Halldórsson
Sigurður Hallgrímsson
Guðm. S. Jónsson
Þórhallur Jónsson

Ég hins vegar tel heppilegra að hafa þúnsfund seinna.

Ólafur Halldórsson

Hér með lýkur að sinni „Þáttum úr sögu Stúdentanna/Námsmannafélags“. Í trú á að einhverjir hafi haft gaman af verður lítilræði bært við í næsta blaði.

eva

Þorrablót


Hið árlega þorrablót Íslendingafélagsins verður að þessu sinni haldið í einu lagi laugardaginn 12. febrúar kl. 19.00 í hinu stórglæsilega Moltkes Palæ, Dronningens Tværgade 2 í Kaupmannahöfn.

Húsið verður opnað kl. 18.00 og lokað stundvíslega kl. 19.00. (Athygli skal vakin á því, að Jónshús verður lokað þetta kvöld.)

Skemmtunin hefst að sjálfsögðu með borðhaldi og flutningi minnis karla og kvenna. Það skýtur heldur betur skökku við ef Landinn mun ekki upphefja fjöldasöng mikinn að borðhaldi loknu, en að öðru leyti mun sjálfur HAUKUR MORTHEMS ásamt hljómsveit sinni skemmta gestum. Haukur og félagar leika fyrir dansi til kl. 02.00.

Verði aðgöngumiða er haldið í algjöru lágmarki eða kr. 170 fyrir skuldlausu félagsmenn Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn, en kr. 200 fyrir aðra.


Aðgöngumiðar verða



Moltkes Palæ

Sigurður Haukur sýnir

Sigurður Haukur Lúðvígsson, sem sýnir verk sín í Húsi Jóns Sigurðssonar dagana 24. janúar til 15. febrúar, er Reykavíkingur, fæddur 1921. Hann hélt sína fyrstu sýningu í Reykjavík í marz 1978. Síðan hefur hann sýnt þrisvar í Reykjavík og tvisvar í Kaupmannahöfn. Hér hélt hann fyrst sýningu í Bredgade Kunsthandel í júlí 1979 og síðan í marz '81 í Galleri Måneskin.



Í Jónshúsi sýnir Sigurður Haukur nú 12 olíu- og vatnslitamyndir, sem allar eru til sölu að 3 undanskildum. Verð myndanna er á bilinu kr. 1200-3600.

-00



seldir í veitingasölu Jónshúss frá og með laugardegnum 29. janúar kl. 14.00. Reynsla síðustu ára sýnir, að ráðlegast sé að kaupa miða sína sem allra fyrst, því færri komist að en vilja. Góða skemmtun.

-00

Íslendingar hafa löngum söngglaðir verið og að margra mati er engin samkoma áhugaverð, ef ekki gefst tækifæri til að teygja aðeins á raddböndunum. Á myndinni hér til hliðar, sem tekin var á þorrablótinu 1979, má sjá að þar var sungið af lífi og sál.

Dagskrá

Til vinstri við hvern dagskrárlið er gefin upp dagsetning, vikudagur og tímasetning. Fjögurra stafa skammstöfun í sviga á eftir hverjum dagskrárlið tilgreinir þann aðila, sem að honum stendur. Í því sambandi þykir rétt að taka fram, að allir dagskrárliðir standa hverjum sem er til boða. ÍSLF stendur fyrir Íslendingafélagið, FÍNK fyrir Námsmannafélagið og VEIT fyrir rekstraraðila veitingasögunnar. Allar samkomur dagskrárinnar eiga sér stað í Jónshúsi, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

23. jan. sun. 15.00 Þrjúbíó. Barnamyndir að sjálfsögðu. Ókeypis aðgangur. (ÍSLF).
24. jan. mán. 17.00 Myndlistarsýning. Sigurður Haukur Lúðvígsson sýnir 12 olíu- og vatnslitamyndir. Sjá klausu á bls. 11. (ÍSLF).
25. jan. þri. 20.00 Almennur félagsfundur FÍNK. Dagskrá: 1. Sögusjóður. 2. 90 ára afmæli FÍNK. Höfum hugsanlega: Framliðnar námsmannasálir. Vantar: Góðan miðil. 3. ÞÓRHILDUR. 4. SÍNE. 5. Önnur mál. (FÍNK).
26. jan. mið. Húsið lokað.
28. jan. fös. 17.00 Húsið lokað allan daginn vegna árshátíðar íslenskra húsagerðarlistarnema.
29. jan. lau. 14.00 Sala aðgöngumiða á þorrablótið hefst. (ÍSLF).
30. jan. sun. 19.30 Spilakvöld. Gunnar stjórnar 2. kvöldinu í þriggja kvöldna keppinni. (ÍSLF).
31. jan. mán. 20.00 Kóræfing. Kórin ræskir sig að nýju eftir hátíðarnar. Nú gefst tækifæri til að láta í sér heyra fyrir þá, sem ekki höfðu sig af stað í fyrra. Sérstaklega er hörgull á karlaröddum. Látið ekki á ykkur standa, strákar. (ÍSLF).
2. feb. mið. Húsið lokað.
3. feb. fim. 20.00 Friðarfundur. Þá er kominn tími til að bretta upp ermarnar. Allir áhugasamir um friðarbaráttuna velkomnir. (FÍNK).
4. feb. fös. 15.00 Söngæfing kirkjukórsins í íbúð prestsins.
6. feb. sun. 14.00 Guðspjónusta í Skt. Pauls-kirkju. Séra Jóhann Hlíðar prédikar.
6. feb. sun. 16.00 Þrjúbíó. Ókeypis aðgangur. (Ath. kl. 16.00)
7. feb. mán. 20.00 Kóræfing. (ÍSLF).

7. feb. mán. Skilafrestur efnis í 2. tbl. ÞÓRHILDAR rennur út. Efni má skila í póstkassa í anddyri Jónshúss. (ÍSLF).
8. feb. þri. 19.30 Konukvöld. (ÍSLF).
9. feb. mið Húsið lokað.
10. feb. fim. 20.00 Framsagnarnámskeið. Sjá grein á blaðsíðu 22.
11. feb. fös. 20.00 Karlakvöld. Gestur kvöldsins, Lasse Pasila, sýnir okkur skyggjur (landslagsmyndir teknar á Íslandi).
12. feb. lau. 19.00 Þorablót Íslendingafélagsins í Moltkes Palæ, Dronningens Tværgade 2. Nánari upplýsingar á bls. 11. (ÍSLF).
12. feb. lau. Húsið lokað vegna þorablótsins.
13. feb. sun. 19.30 Spilakvöld. Lokahrina þriggja kvölda keppinnar. Þar af leiðandi sérlega glæsilegir vinningar. (ÍSLF).
15. feb. þri. 22.00 Myndlistarsýningu Sigurðar Hauks Lúðvígssonar lýkur. (Hófst 24. janúar.) (ÍSLF).
16. feb. mið. Húsið lokað.
20. feb. sun. 15.00 Þrjúbíó. Barnamyndir. Ókeypis aðgangur. (ÍSLF).
23. feb. mið. Húsið lokað.
26. feb. lau. 90 ára afmælishátíð FÍNK. Nánar í næsta blaði. (FÍNK).
2. marz mið. Húsið lokað.
6. marz sun. 15.00 Þrjúbíó. Barnamyndir. Ókeypis aðgangur. (ÍSLF).
6. marz sun. 19.30 Spilakvöld. (ÍSLF).

Jónshús

Hús Jóns Sigurðssonar, félagsheimilið, er opið sem hér segir:

Mánudag kl. 17.00-22.00
Þriðjudag kl. 17.00-22.00
Miðvikudag LOKAÐ
Fimmtudag kl. 17.00-22.00
Föstudag kl. 17.00-22.00
Laugardag kl. 14.00-22.00
Sunnudag kl. 14.00-22.00

Athugið, að auk allra miðvikudaga verður húsið lokað föstudaginn 28.01. og laugardaginn 12.02.

Bókasafn Íslendinga á 3. hæð Jónshúss er opið á sunnudögum kl. 15.00-17.00.

Sími í eldhúsinu er 01-137997, en á skrifstofu félaganna í kjallaranum 01-146035. Þar eð félögin hafa engan fastan skrifstofutíma, er ráðlegast að senda þeim línu, eigi menn erindi við þau. Heimilisfangið er það sama og Þórhildar, sem finna má á bls. 2.